

Íslenska vitafélagið

Skýrsla stjórnar 2006 Starfsárið 2005-2006

Sumarið 2005 var lognið á undan storminum í Íslenska vitafélaginu. Eftir aðalfund í maí tóku rólegheit sumarsins við. Engar stærri upptakomur við vita landsins eins og sumarið 2004.

Norræn ráðstefna um vita og strandmenningu

Veturinn hófst á ákvörðun um að blása til norrænnar ráðstefnu um vita og strandmenningu. Áskorunin kom í september frá ráðstefnugestum á ráðstefnu um nýtingu strandmenningar í Norður- Noregi. Eftir að hafa heyrt undirtektir í Svíþjóð og Finnlandi var ákveðið að bretta upp ermarnar og hefja undirbúning. Fimmtudagurinn 25. og föstudagurinn 26. maí 2005 voru ákveðnir að ósk erlendra gesta. Þótti þeim grúpplagt að nota Uppstigningardag til ráðstefnuhalds og vera búnir að vinna af sér föstudaginn. Stykkishólmur varð síðan fyrir valinu sem ráðstefnustaður. Á Snæfellsnesinu sameinast, aragrúi strandminja, þjóðgarður og Breiðafjörðurinn með öllum sínum eyjum, skerjum og horfinni atvinnusögu og því þótti nesið nánast sjálfkjörið. Veturinn fór því að mestu í undirbúning og fjáröflun til ráðstefnuhaldsins. Árangurinn er það sem þið hafið upplifað hér síðustu tvo daga. Fróðleg erindi, nýir vinklar, fjölbreytni sem mörgum var hulin og ný tengsl sem hafa skapast.

Upplýsingagjöf og samskipti

Önnur vinna hefur verið í formi símtala og bréfaskrifta til allra þeirra sem skrifa og/eða hringja til að fá ráð, heyra annarra skoðanir og til að fá leiðbeiningar með hugmyndir sínar. Reyndar hendir það nokkuð oft að fólk hringir í formann og stendur í þeirri meiningu að vitafélagið eða jafnvel formaðurinn einn eigi alla vita landsins. En í það minnsta er það ljóst að margir hafa komið auga á vitann og strandmenninguna eftir tilurð Íslenska vitafélagsins og er það vel.

Framundan er hafsjór verkefna sem fyrr og sem fyrr eru allir hjartanlega velkomnir til starfa.

Að lokum vill Íslenska vitafélagið þakka öllum þeim sem gerðu okkur kleift að halda ráðstefnuna í Stykkishólmi. Sérstakar þakkir fá: Norræni menningar-sjóðinn, Sjávarútvegsráðuneytið, Samgönguráðuneytið, Umhverfissráðuneytið og Menntamálaráðuneytið.

Stykkishólmi 27. maí 2006.

Sigurbjörg Árnadóttir
formaður